



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Oktober 24, 2013

**Umsögn um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014
(verðlagsbreytingar o.fl.)**

Stúdentaráð Háskóla Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014. Í frumvarpinu er lagt til að skrásetningargjald í opinbera háskóla verði hækkað úr 60.000 kr. í 75.000 kr.

Í fyrra hækkaði gjaldið úr 45.000 í 60.000 krónur og var það gert af illri nauðsyn. Því hefur gjaldið nánast tvöfaldast á þremur árum. Stúdentaráð er uggandi yfir þessari þróun því með þessum stöðugu hækkunum er óneitanlega vegið að jöfnum tækifærum til náms. Enn dekkri mynd blasir við þegar litið er til heildaraðstæðna stúdenta sem hafa mátt þola miklar kjaraskerðingar undanfarin ár. Hækkun skrásetningargjalds er enn ein aðförin að stúdentum og er Stúdentaráð Háskóla Íslands mótfallið þessari breytingu.

Skrásetningargjaldið er hluti af tekjum háskólans skv. fjárlögum og er ætlað að standa undir hluta kostnaðar við skrásetningu nemenda, nemendakerfi, upplýsingamiðlun og námsráðgjöf, skipulag kennslu og prófa, framlög til samtaka og stofnana stúdenta, skrifstofu kennsluviðs, þjónustu skrifstofu Alþjóðasamskipta, aðgang að bókasafni og lesaðstöðu, tölvum, prenturum o.fl., aðstöðu og stjórnun, Fjölís v/skönnunar á námsbókum og kostnaði vegna íþróttahúss.

Með hækkuninni er gert ráð fyrir viðbótatekjum um 213 millj. kr. Stúdentaráð dregur það ekki í efa að ósk Háskóla Íslands um hækkun skrásetningargjaldsins sé á raunsönnum gögnum byggð og að um raunverulegan skort á fjármálum sé að ræða og að breytingin hafi verið vel rökstudd með tölulegum upplýsingum úr bókhaldi Háskóla Íslands.

Hins vegar gerir Stúdentaráð alvarlegar athugasemdir við þá staðreynd að stærsti hluti tekna vegna hækkunar gjaldsins mun ekki skila sér til Háskóla Íslands þar sem framlag ríkissjóðs lækkar um sömu fjárhæð á móti. Háskóli Íslands mun því aðeins halda eftir 39,2 m.kr. af hækkun ríkistekna af skrásetningargjaldinu. Það er algjör lágmarkskrafa að þeir fjármunir sem eiga að koma inn af hækkun skrásetningargjalda skili sér til Háskólans. Það er ólíðandi að hækkun á skrásetningargjöldum sem er hreinn og beinn hækkaður útgjaldaliður stúdenta sé nýttur til að koma til móts við niðurskurð ríkisstjórnarinnar. Þannig eru námsmenn látnir gjalda fyrir að ekki sé forgangsraðað í þágu menntunar.

Nú hefur Háskóli Íslands þurft að þola niðurskurð sex ár í röð og hnífurinn margsinnis gengið inn að beini. Skólinn hefur þó, með mikilli hagsýni, alltaf haldið sér innan ramma



Stúdentaráð Háskóla Íslands

fjárlaga en nú er svo komið að óhjákvæmilegt er að hagræða án þess að það bitni á gæðum námsins. Það er því algjört grundvallaratriði að tekjurnar sem koma inn við hækkunina nýtist til að efla gæði námsins og innviði skólans.

Sé ætlunin að hækka skrásetningargjöld, gerir Stúdentaráð Háskóla Íslands skýlausa kröfu um að þeir fjármunir sem eiga að koma til með hækkun skrásetningargjalda skili sér inn í þá liði sem þeim er ætlað að standa undir.

Það er dapurlegt að nú fimm árum eftir hrun, þegar loksins er farið að rofa til í efnahagslífinu og rekstri ríkisins, að nýir valdhafar ákveði að vega jafn harkalega að hagsmunum nemenda og raun ber vitni. Stúdentaráð harmar að ekki sé forgangsraðað í þágu menntamála - niðurskurður í menntamálum er niðurskurður í mannauði.

María Rut Kristinsdóttir

María Rut Kristinsdóttir
Formaður Stúdentaráðs